

15 maí 2014

Alþingi
Erindi nr. P 143/1838
komudagur 14.5.2014



**Athugasemdir Félags Íslenskra Atvinnuflugmanna vegna
frumvarps til laga um frestun verkfallsaðgerða FÍA gegn
Icelandair Group hf / Icelandair ehf. Þskjl. 1149 - 600. mál**

Fundur með umhverfis- og samgöngunefnd 15. maí 2014

Krafa um breytingar á frumvarpi.

1. gr.

Verkfallið er gegn Icelandair Group hf. /Icelandair ehf., ekki eingöngu Icelandair ehf.

2. gr.

Dómarinn sem SA skipar, skal jafnframt vera óháður Samtökum Atvinnulífsins, ásamt því að vera óháður Icelandair Group hf. / Icelandair ehf., þar sem SA fara með samningsumboð Icelandair Group hf. / Icelandair ehf.

Vísað er í aðila 1. gr. sem eru eingöngu FÍA og Icelandair Group hf. / Icelandair ehf.

3. gr.

Félag Íslenskra Atvinnuflugmanna gerir þá kröfu að sá rammi sem gerðardómi er gert að starfa eftir, verði ekki skilyrtur við innlenda kjarasamninga heldur megi, meðal annars, taka tillit til sambærilega kjarasamninga markaðssvæði aðila 1. gr. frumvarpsins.

1. mgr. 3. gr. orðist þannig:

Gerðardómurinn skal, við ákvarðanir um laun aðila skv. 1. gr. og önnur starfskjör, hafa hliðsjón af kjörum þeirra sem sambærilegir geta talist að menntun, störfum, stöðu, vinnutíma og ábyrgð. Jafnframt skal hafa til hliðsjónar, eftir því sem við á, kjarasamninga sem gerðir hafa verið hjá sambærilegum flugrekendum á markaðssvæði aðila.

4. gr.

FÍA gerir ekki athugasemd.

5. gr.

FÍA gerir ekki athugasemd.

Skýringar FÍA vegna kjaradeilu FÍA við Icelandair Group hf. / Icelandair ehf.

Félag Íslenskra Atvinnuflugmanna mótmælir harðlega fyrirhuguðu frumvarpi til laga um frestun verkfallsaðgerða Félags Íslenskra Atvinnuflugmanna gegn Icelandair.

Samningaviðræður FÍA við Icelandair Group hf. / Icelandair ehf. hafa staðið yfir síðan í október 2013. Samningar voru lausir 30. nóvember sama ár.

FÍA er að sækja launaleiðréttingu þar sem flugmenn Icelandair eru ekki á sambærilegum launum miðað við þau markaðslaun sem tíðkast hjá sambærilegum flugrekendum á markaðssvæði Icelandair.

Frá upphafi viðræðna hefur samningsvilji SA verið enginn og flugmönnum sniðinn sami stakkur og öðrum launþegum á Íslandi, burtséð frá stöðu og afkomu fyrirtækisins.

FÍA hafnar samræmdri launastefnu SA og ASÍ þar sem FÍA er ekki aðili að ASÍ.

FÍA gerir alvarlegar athugasemdir við þær fullyrðingar að gríðarlegir samfélagslegir og efnahagslegir hagsmunir séu í húfi til grundvallar lagasetningar á verkfall starfsmanna hjá einkafyrirtæki og liggja fyrir því útreikningar á forsendum frumvarpsins.

Fram kemur í athugasemdum frumvarps að tjón samfélagsins séu uppreiknað fyrir maí og júní 2014 900m ISK á dag. Hlutfall Icelandair í flugi til og frá Íslandi er 70% á umræddu tímabili og því rökrétt að áætla að áhrifin séu 630m ISK daglega. Icelandair hefur í sínum flota 20 flugvélar sem fljúga ca. 4 flug hver á dag. Það gera 80 ferðir. Að meðaltali hafa 6 flug fallið niður dag hvern frá því verkfall hófst, eða 7,7% ferða félagsins.

Áhrif verkfallsins eru því umtalsvert minni en getið er í forsendum lagafrumvarpsins eða hér um bil 48m ISK daglega. Hér er ekki endilega verið að tala um endanlega tapaðar tekjur, heldur mögulega seinkun á komu ferðamanna.

Verkfallsaðgerðir hafa staðið í 6 daga og því hefur tekjum upp á 288m ISK verið frestað um ótilgreindan tíma. Er það næg ástæða til að hlaupa upp til handa og fóta og setja lög á vinnandi stéttir í kjaradeilu við einkahlutafélag á opnum markaði?

Þar að auki eru 29% farþega Icelandair tengifarþegar um Keflavíkurlflugvöll án viðdvalar á Íslandi. Það þýðir að ca. þriðjungur af farþegum Icelandair, snertir ekki tekjuöflun annarra en Icelandair.

Hver er verðmiði Alþingis á stjórnarskrárbundnum réttindum launþega?

Væri það ekki frekar hlutverk hluthafa Icelandair Group hf. / Icelandair ehf. að setja sig inn í kjaradeiluna og leysa ágreininginn?

Inngrip Alþingis eru talin nauðsynleg til að tryggja þá hagsmuni sem hér eru undir, en FÍA gerir alvarlegar athugasemdir við ætluð áhrif verkfallsaðgerða, sem eru til grundvallar frumvarpi. Eru hagsmunir hluthafa réttindum launþega yfirsterkari?

Hver er ábyrgð stjórnenda fyrirtækisins þegar kemur að ráðstöfun fjármuna félagsins? Væri ekki nær að nýta fjármuni þess í kjarabætur til handa starfsmönnum, í stað þess að valda þriðja aðila skaða með samningstregðu?

Til stendur að Alþingi Íslands setji lög á verkfall sem er eingöngu heimilt að gera í eftirfarandi tilfellum og beri nauðsyn til:

- vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla
- til að firra glundroða eða glæpum
- til verndar heilsu eða siðgæði manna
- til verndar réttindum og frelsi

Þessi atriði eru öll tiltekin í athugasemdum frumvarpsins og eiga ekki við rök að styðjast.

Í athugasemdunum við frumvarpið og í heiti laganna er talað um frestun verkfallsaðgerða flugmanna. Frumvarp til lagasetningar getur ekki talist frestun, heldur bann við verkfallsaðgerðum og þvingun í gerðardóm sem skal enda með tímasettum kjarasamningi aðila.


Verkfallsrétturinn er ótvíræður hluti af aðild að stéttarfélagi og skal ekki skilyrtur við tekjur viðkomandi launþega.


Verkfall snertir því miður óumflýjanlega þriðja aðila og er það miður.


Í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er tilgreindur frestur 15. júlí, en í athugasemdunum við frumvarpið fá viðsemjendur tækifæri til að leysa úr ágreiningi fyrir 1. júlí. Þar er misræmi í dagsetningum.


Í athugasemdum við frumvarpið er talað um að taka skuli mið af sérstöðu stéttarfélagsins sem tilgreint er í 1. gr. Hvers vegna er ekkert rætt um stöðu Icelandair Group hf. / Icelandair ehf. en hún hefur aldrei verið sterkari. Rétt væri að taka einnig mið af því.

f. h. Félags Íslenskra Atvinnuflugmanna


Hafsteinn Pálsson – Formaður


Jón Þór Þorvaldsson – Varaformaður


Örnólfur Jónsson – Formaður samninganefndar


Sindri Sveinsson – Framkvæmdastjóri og lögfræðingur